

1859. um, nema sem lán, sem örðugleikar kynnu að verða á að
 17. október. borga aptur, er til þess ætlað, að þér ekki notið leyfi það, sem hér er gefið, nema ef einkis annars er úrkostur. Stjórnin vonast á sínum tíma eptir nákvæmri skýrslu frá yður um mál þetta.

17. október. 52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um að setja nefnd í Reykjavík, til umsjónar í fjárkláðamálinu.

Hinir konunglegu erindsrekar, prófessor Tscherning og skjalavörður Jón Sigurðsson, hafa í bréfi til stjórnarinnar, dagsettu 16. f. m., stungið upp á því, að í Reykjavík verði sett nefnd til bráðabyrgða, sem skuli gæta þess, að ákvörðunum þeim, sem þeir hafa gjört til að útrýma kláðanum, verði fylgt, og yfirhöfuð greiða veg fyrir lækningunum. Hvað kláðamálið snertir, er ætlað til að nefnd þessi hafi sama ætlunarverk, og sama myndugleika, sem dýralækningaráðið í Danmörku. Ætlunarverk nefndar þessarar ætti þannig að vera, að gæta allra þeirra ákvarðana, sem þegar eru teknar, til að stemma stigu fyrir sýkinni, og jafnframt, ef þörf gjörist, gefa embættismönnum alít sitt og uppástungur um nýjar ráðstafanir, er bæði almennt og í sérstökum tilfellum mættu álítast nauðsynlegar eða hentugar til að gjöra heilbrigði og líf fjárens óhult; hún ætti auk þessa að hafa myndugleika til að fá skýrslur þær beinlínis frá hlutaðeigandi embættismönnum, og beinlínis að leggja þeim þau ráð, sem henni þætti nauðsyn til bera í máli þessu, sjá konungsúrskurð 8. júní 1851, um stofnun dýralækningaráðsins, sem með ástæðunum er tilfærður í stjórnartíðindum Dana fyrir árið 1851, bls. 593-598.

Hvað samsetningu nefndarinnar viðvíkur, hafa hinir konunglegu erindsrekar stungið upp á, að í henni skyldu vera 5 menn, nefnilega 3 menn er bæru skyn á dýralækningar, einn lögfræðingur, er jafnframt skyldi gegna skrifarastörfum nefndarinnar, og einn valinkunnur maður, er mál þetta væri alkunnugt.

1859.

17. október.

Ef stjórnin fællist á uppástungur þeirra, um að setja nefnd þessa, og samansetning hennar, hafa þeir enn fremur mælt fram með því, að landlæknir Dr. med. Jón Hjaltalín, yfirdómari í landsyfirréttinum Benedikt Sveinsson, kennari við hinn lærða skóla H. Kr. Friðriksson, og dýralæknarnir Teitur Finnbogason og Hansteen skyldu kosnir í nefnd þessa. Landlæknir Dr. J. Hjaltalín skyldi vera formaður nefndarinnar, og yfirdómari B. Sveinsson skyldi takast skrifarastörf nefndarinnar á hendur fyrir hæfilega borgun. Að öðru leyti skulu nefndarmenn enga borgun fá fyrir fyrirhöfn sína. Þar á móti skulu þeir fá fê nokkurt til umráða, til að borga með kostnað þann, er leiðir af störfum þeirra.

Um leið og eg læt yður vita þetta, herra stiptamtmaður, leyfi eg mér að geta þess, að stjórnin ekki getur betur sêð, en að það megi verða til gagns og þarfa, að setja slíka nefnd fyrst um sinn til 1. apríl komanda ár. Stjórnin efast heldur ekki um, að menn þeir, sem erindsrekarnir hafa stungið upp á, til að sitja í nefndinni, bæði sêu viljugir og vel hæfir til að takast þetta trúnaðarstarf á hendur.

Stjórnin áltur því, að fallast megi á þær uppástungur erindsrekanna, sem hér eru greindar, og það því fremur, sem þessu má fyrir koma án nokkurs kostnaðar fyrir almenning, er teljandi sê. Eg bið yður þess vegna, herra stiptamtmaður, á þann hátt, sem þér áltíð hentugast, að gjöra þær ráðstafanir, sem þurfa, til að framkvæma uppástungur þessar, og meðal annars gefa nefndinni þær reglur, er þurfa þykir, um ætlunarverk hennar og myndugleik, eptir því sem er greint hér að framan.

Kostnaður sá, sem leiðir af störfum nefndarinnar, og þar á meðal skrifarastörfum, verður endurgoldinn nefndarmönnum, þegar þeir senda reikning yfir hann og æskja þess innan loka reikningsársins¹.

1) Sama dag var hinum amtmönnum tilkynnt efni bréfs þessa.